



8. fundur stjórnar Byggðasafns Árneseinga var haldinn miðvikudaginn 27. september 2023 kl. 15,45 í sal Búðarstígs 22 á Eyrarbakka. Fundinn sátu Sandra Sigurðardóttir formaður, Þórhildur Dröfn Ingvadóttir varaformaður og Árni Eiríksson ritari. Fundinn sat einnig Lýður Pálsson safnstjóri sem skrifaði fundargerð. Fundargerðin var færð í tölvu.

1. Beiðni um aukaframlag til reksturs 2023. Í skoðun á rekstri safnsins kemur í ljós að halli er á rekstrinum og er fyrst og fremst tilkomin vegna fjármagnsgjalda og hækkun launa í kjölfar kjarasamninga. Þrátt fyrir aðhald í rekstri og frestun viðhaldsverkefna að upphæð þrjár milljónir króna óskar stjórn Byggðasafns Árneseinga eftir aukaframlagi í samræmi við framlagða rekstraráætlun og samþykkt Héraðsnefndar Árneseinga á haustfundi 2022. Safnstjóra falið að óska aukaframlagi að upphæð 4,7 milljónir króna.

2. Starfsáætlun Byggðasafns Árneseinga 2024. Safnstjóri lagði fram Starfsáætlun safnsins fyrir árið 2024. Starfsemin verður svipuð og áður en áhersla lögð á markaðsátak á fyrrihluta ársins. Stjórn safnsins samþykkir starfsáætlunina.

3. Rekstraráætlun Byggðasafns Árneseinga 2024. Rekstraráætlun fyrir komandi ár lögð fram. Er hún gerð með útkomu reksturs fyrstu 8 mánuði ársins og spá um endanlega niðurstöðu. Kjarasamningar og hækkun laun fyrir stjórnarsetu eru þess valdandi að hækka þarf framlög til safnsins. Einnig er framundan á næsta ári mikill viðhaldskostnaður á Húsinu og Assistentahúsinu. Stjórn safnsins samþykkir rekstraráætlunina fyrir sitt leiti.

4. Samningur um afnot af Húsinu fyrir gestakomur. Stjórn safnsins samþykkir drög að samningi. Safnstjóri kemur til að bjóða þeim aðilum sem eru að koma með hópa þennan samning.

5. Starfsmannamál. Starfsmannamál rædd.

6. Ósk Héraðsskjalasafns Árneseinga um varðveisluhúsnæði. Stjórnarformaður Héraðsskjalasafns Árneseinga hefur sent stjórnarformanni Byggðasafns Árneseinga ósk um að fá rými fyrir skjöl í Búðarstíg 22. Stjórnin telur ekki mögulegt að verða við þessari beiðni, óuppsegjanlegur leigusamningur er við Þjóðminjasafns Íslands sem gildir til 2029 og

Byggðasafn Árnesinga þarf á öllu öðru rými að halda. Byggðasafn Árnesinga varðveitir 9 bretti af skjölum án endurgjalds fyrir skjalasafnið og eru brettin farin að þrengja að starfseminni. Stjórn Byggðasafns Árnesinga bendir á að á lóð Búðarstíg 22 er heilmikill ónýttur byggingarréttur. Samlegðaráhrif yrðu mikil við að hafa söfnin hlið við hlið.

7. **Leikfélag Eyrarbakka.** Nýstofnað leikfélag á Eyrarbakka hefur óskað eftir endurgjaldslausum afnotum af sal Búðarstígs 22 til funda og æfinga. Stjórn safnsins getur ekki orðið við beiðninni.

8. **Starfsemin.** Safnstjóri sagði frá starfinu. Safnstjóri hefur unnið að skráningu, gerð áætlana næsta árs, umsóknir í sjóði og gripið í gæslu og leiðsögn eftir þörfum. Safnverðir hafa unnið að gerð haustsýningarinnar „70 sögur á safni“ sem opnaði um miðjan mánuðinn og sýnir valinn safnkost úr öllu héraðinu. Góð aðsókn hefur verið að safninu og fer vaxandi. Margir fóru Ásgrímsleiðina og komu við á safninu. Ný heimasíða er komin í loftið og verður kynnt við tækifæri. Einnig er öðru hvoru unnið að gerð nýs kynningarbæklings og kynningarskilta. Í haust verður unnið að nýskráningu, myndvæðingu safnmuna og eflingar fræðslustarfs byggðasafns Árnesinga. Í október verða fyrirlestrar í sal Búðarstígs 22 og opið hús. Lagðar hafa verið línur að jóladagskrá safnsins. Safnstjóri og safnverðir sækja sér endurmenntun fyrir tilhlutan styrkja frá Safnaráði.

9. **Næsti fundur.** Næsti fundur verður ákveðinn síðar.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 17,45.

Sandra Sigurðard
Þorhi l dur Ingvaldóttir
Án Eiríksdóttir
Sigrún Þorvaldsson